

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1923**2019/EES/90/12**

frá 7. desember 2018

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 360/2012 að því er varðar gildistíma hennar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1588 frá 13. júlí 2015 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum þverlægrar ríkisaðstoðar ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 2. gr.,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um ríkisaðstoð,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 ⁽²⁾ telst aðstoð undir tilteknum viðmiðunarmörkum sem veitt er fyrirtækjum, sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, ekki uppfylla allar viðmiðanirnar í 1. mgr. 107. gr. sáttmálans og er því undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 108. gr. sáttmálans, með fyrirvara um tiltekin skilyrði.
- 2) Reglugerð (ESB) nr. 360/2012 fellur úr gildi 31. desember 2018.
- 3) Með hliðsjón af reynslu framkvæmdastjórnarinnar af beitingu reglugerðar (ESB) nr. 360/2012 virðast rökin fyrir undanþágu slíkra bótaráðstafana frá tilkynningarskyldunni enn vera gild og skilyrðin, sem lágu til grundvallar ákvörðun um gildissvið og efni reglugerðar (ESB) nr. 360/2012, ekki hafa tekið umtalsverðum breytingum. Með reglugerðinni skapast réttarvissa og dregur úr stjórnsýslubyrði að því er varðar minniháttaraðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. Til að tryggja samfellu og forðast aukinn kostnað við að fylgja reglum vegna þeirrar þjónustu sem um er að ræða ætti því að forðast breytingar á þessu stigi.
- 4) Því ætti að framlengja gildistíma reglugerðar (ESB) nr. 360/2012 um tvö ár.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 360/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað „31. desember 2018“ í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 360/2012 kemur „31. desember 2020“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 31. desember 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 313, 10.12.2018, bls. 2. Hendar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 266/2019 frá 25. október 2019 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 248, 24.9.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 frá 25. apríl 2012 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (Stjtið. ESB L 114, 26.4.2012, bls. 8).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
